



Til: sigurdur.pall.hardarson@akranes.is
Afrit: hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is
Efni: Re: Grenjar skipulagsbreyting Akranesi
Upplýsingar: Sent: 19.03.2018 16:08:36 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030028, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030028

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 13. mars sl. þar sem þess er farið á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún taki að sér sem ráðgjafi að meta líkleg áhrif landfyllingar út í Krókalón.

Náttúrufræðistofnun er um þessar mundir að vinna að tillögum á B-hluta náttúruminjaskrár samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Eins og Akraneskaupstað er kunnugt um og kemur m.a. fram í innsendum gögnum þá eru fjörusvæðin við bæinn, frá Krókalóni og norður að Blautósi, bæði hverfisvernduð, friðlýst og á náttúruminjaskrá. Í vinnu við tilnefningu svæða á B-hluta hefur Náttúrufræðistofnun verið að skoða sérstaklega svæðin í nánd við Krókalón bæði til suðurs og norðurs þ.m.t. hluta af hverfisverndarsvæðinu. Um er að ræða svæði sem eru mikilvæg bæði sem búsvæði fugla og sem fjöruvistgerðir. Í ljósi þessa telur stofnunin að í þessu tilfelli sé eðlilegra að veita almennt álit/umsögn á fyrirhuguðum framkvæmdum sem ætti að svara því sem Akraneskaupstaður spyr um.

Náttúrufræðistofnun telur að það séu tvö svæði sem séu mikilvæg í nánd við Krókalón, sjá meðfylgjandi mynd. Annað svæðið tengist Blautós og Innstavogsnesi, mörkin ekki alveg eins, en þar er áhersla á að vernda mikilvægar vistgerðir og búsvæði fugla (klóþangsklungur, sandmaðksleirur, fjörumór og margæs). Þetta svæði nýtur nú þegar verndar sem friðland að stórum hluta og hluti þess er einnig á náttúruminjaskrá nr. 202 og hverfisverndað. Hitt svæðið er fyrst og fremst fjöruvistgerðir og er sunnan við Krókalón og höfnina en þar er áherslan á fjöruvistgerðir þ.e. klóþangsklungur og fjörupolla. Þessi svæði eru enn í vinnslu.

Nánari upplýsingar (athuga að einnig má fara inn á kortasjá á viðkomandi síðum):


Klóþangsklungur: <https://www.ni.is/greinar/klohangsklungur>

Sandmaðksleirur: <https://www.ni.is/greinar/sandmadksleirur>

Fjörumór: <https://www.ni.is/greinar/fjorumor>

Fjörupollar: <https://www.ni.is/greinar/fjorupollar>

Mikilvæg fuglasvæði, margæs: <https://www.ni.is/node/16113> sjá einnig http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf bls 65-66.



Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, sjá m.a. mynd 8, í skipulagslýsingu fyrir Grenjar, Krókalón, þá verða áhrif á landslag nokkur, þ.e. ásýnd á lónið og ströndina, og einnig geta líklega orðið áhrif á útsýni frá húsum en Náttúrufræðistofnun telur hið síðara vera utan verksviðs stofnunarinnar.

Þær fjörugerðir /vistgerðir sem eru skráðar á því svæði sem fyrirhuguðu landfylling nær til eru grýttar fjörur þar sem undirflokkarnir eru þangfjörur. Sjá má almenna lýsingu á grýttum fjörum hér: <https://www.ni.is/greinar/gryttar-fjorur> og þar undir þangfjörur hér: <https://www.ni.is/greinar/thangfjorur> (athuga að skoða má einnig undirflokk þessarar flokkunar). Í Krókalóni eru einnig skráðar líflitlar sandfjörur, sjá <https://www.ni.is/greinar/liflitlar-sandfjorur>. Hugsanleg áhrif á lífríki verða því fyrst og fremst á þessar vistgerðir og þær tegundir sem þrífst í þeim verði af landfyllingu (sjá m.a. tegundalista undir lýsing á vistgerðum <https://www.ni.is/greinar/thangfjorur>).

Miðað við umfang fyrirhugaðrar landfyllingar telur Náttúrufræðistofnun ólíklegt að hún muni hafa mikil áhrif á lífríki svæðisins í heild ef einungis er horft til hennar einnar og sér þ.e. að ekki komi til þess að halda áfram með landfyllingar til norðurs.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminna (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum

þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 14.03.2018 09:15:10
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Grenjar skipulagsbreyting Akranesi

----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 14.03.2018 09:15 -----

From: Sigurður Páll Harðarson <sigurdur.pall.hardarson@akranes.is>
To: "trausti@ni.is" <trausti@ni.is>
Cc: Árni Ólafsson (arni@teikna.is) <arni@teikna.is>, Hafdis Sigurbórsdóttir <hafdis.sigurthorsdottir@akranes.is>
Date: 13.03.2018 14:54
Subject: Grenjar skipulagsbreyting Akranesi

Blessaður Trausti

Skilst að Árni Ólafsson skipulagshöfundur hafi rætt við „Mugg“ um að greina í grófum dráttum líkleg áhrif landfyllingar út í Krókalón á lífríki svæðins. Hann hafi síðan óskað að ég sendi formlegt erindi á þig. Meðfylgjandi er skipulagslýsing fyrir verkefnið. Gott ef þú gætir gefið mér gróft minnisblað um hvernig þú sérð verkefnið fyrir þér og kostnað.



Sigurður Páll Harðarson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
S: 433-1000 / 849-4300
Netfang: sigurdur.pall.hardarson@akranes.is
www.akranes.is / www.facebook.com/Akraneskaupstadur

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.